



Fundur nr. 7 í faghóp um skólamáli.

Hella 18.11.2020

Björk Grétarsdóttir	Oddviti	bjork@ry.is
Margrét Harpa Guðsteinsdóttir	Fulltrúi Á lista.	margretharpa@ry.is
Auður Erla logadóttir	Leikskólastjóri Heklukot.	audurerla@heklukot.is
Kristín Sigfúsdóttir	Skólastjóri Grunnskóla Hellsu	kristins@grhella.is
Ágúst Sigurðsson	Sveitastjóri	agust@ry.is
Haraldur Birgir Haraldsson	Skipulags og byggingafulltrúi	birgir@ry.is
Tómas Haukur Tómasson (ritari)	Eigna og framkvæmdasvið	tomas@ry.is
Jón Sæmundsson	Verkís	jons@verkis.is

Fjarfundur haldinn kl. 13.00

Björk opnaði fundinn.

Farið var yfir stöðu rýmisáætlana og samnýtingu rýma. Einnig var rætt um hvernig og hvort það megi skera niður einhver rými og m² sem eru í rýmisáætluninni. Mikilvægt að ígrunda vel hvar þörfin er og hvar má skera niður. Dýrt að byggja m² sem ekki er þörf á. Einnig mikilvægt að huga að hvar dýmætustu svæðin eru í húsinu varðandi notkun.

Var lagt til með að vinna einnig með svæðið milli gamla skóla húsnæðisins og að sundlauginni (körfuboltavöllurinn). Þar er talið að einfalt sé að byggja hagkvæma m² sem geta nýst sem viðbótar kennslurými fyrir Grunnskóla. Jákvæðar og áhugaverðar umræður voru um byggingareitinn og aðliggjandi byggingar. Lagt er upp með að Jón Sæmundsson sendi út slóð á skjalið fyrir rýmisþörf til að aðilar faghópsins geti rýnt þessi gögn og komið með athugasemdir inn skjalið. Vonast er til að þetta rýni geti verið afgreitt fyrir miðjan desember.

Tómas og Jón Sæmundsson lögðu fyrir hópinn tillögu að næstu skrefum. Er þar gert ráð fyrir að fá hönnuði með reynslu af hönnun skóla og leikskóla til að koma að vinnu með hópnum. Lagt er upp með að gera verðkönnun meðal þriggja eða fjögurra hönnuða sem munu gefa verð í að ráðgjöf. Þessi ráðgjöf miðast við undirbúning fyrir byggingarreit, með samráðsfundum og rýna með hópnum núverandi rýmisáætlun og skoða frumhönnun með tengingu við eldri byggingar í huga. Sérstaklega skal skoða hvernig má ná fram hagkvæmri byggingu og vinna gögn áfram til undirbúnings útboðs á hönnun.

Lagt var til að Tómas Haukur, Ágúst Sigurðsson og Jón Sæmundsson tækju saman lista og undirbúi þessa verðkönnun.

Gert er ráð fyrir að næsti fundur í Faghóp verði föstudaginn 27. Des kl.8.15

Fundi slitið 14.20